



GJALDSKRÁ FYRIR FÉLAGSLEGA HEIMAÞJÓNUSTU OG HEIMSENDINGU MATAR

1. gr.

Gjöld fyrir heimaþjónustu.

Félagsleg heimaþjónusta er veitt gegn gjaldi fyrir hverja veitta þjónustustund. Gjöld fyrir félagslega heimaþjónustu eru tekjutengd og eru gjaldflokkarnir þrír. Röðun í gjaldaflokka tekur mið af framfærsluviðmiðum Tryggingastofnunar ríkisins hverju sinni. Ákvörðun gjaldflokks ræðst af öllum skattskyldum tekjum þjónustuþega, þ.m.t. fjármagnstekjum eins og þær eru samkvæmt skattframtali.

Tekjumörk til ákvörðunar á greiðslu miðast við skattskyldar tekjur einstaklinga og hjóna.

Tekjumörk einstaklings	Tekjumörk hjóna	Gjald á klukkustund
Undir kr. 246.902	kr. 425.552	kr. 0
kr. 246.903 – 327.834	kr. 425.553 – 565.045	kr. 786
Yfir kr. 327.834	Yfir kr. 565.045	kr. 1.025

2. gr.

Gjald fyrir heimsendingu matar.

Gjald fyrir heimsendingu matar er kr. 1.129,- sem skiptist þannig:

Matur	kr. 985,-
Heimsendingarkostnaður	kr. 144,-

3. gr.

Lagagrundvöllur og gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 25. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og öðlast gildi frá og með 15. mars 2016.

Samþykkt í bæjarráði Akraness 28. janúar 2016.

Samþykkt í bæjarstjórn Akraness 9. febrúar 2016.


Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri